

**Fundur í**  
**mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps**  
fimmtudaginn 24. júlí 2008 kl.: 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 a.  
Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíða að stærð.

Mættir: Karl Kristjánsson, Herdís Matthíasdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Óskar Steingrímsson, Björg Karlsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir.

Karl setti fund og bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2008-2009.  
Skóladagatalið samþykkt með ábendingu um haustþing kennara sem verður 19. sept. 2008 og í skóladagatali er fullveldishátíðin reiknuð sem einn dagur, en ekki tveir.
2. Umsókn um kennarastöðu til viðbótar við kennslukvóta.  
Kennslustundir skulu vera allt að 172.
3. Önnur mál.
  - a. Skólaakstur  
Lagt er til að samið verið við núverandi skólabílstjóra um framlengingu á samningi til næstu tveggja ára. Einnig kanna möguleika á að bjóða leikskólabörnum upp á akstur. Varðandi skólaakstur frá Stað er lagt til að samið verði við foreldra um aksturinn.
  - b. Umsóknir um skólavist fyrir tvo nemendur.  
Lagt er til að núverandi vinnureglur um inntöku nemenda í Reykhólaskóla verði endurskoðaðar í ljósi nýrra grunnskólalaga.

c. Leikskólamál.

Björg leikskólastjóri spyr hvort möguleiki sé á að opna á milli hvíldarherbergis og eldri deildar til að fjölga leikskólaplássum. Ítrekar einnig að þær lagfæringar sem þarf að gera á leikskólanum verði lokið sem allra fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.

Karl Kristjánsson (sign)

Björg Karlsdóttir (sign)

Herdís Matthíasdóttir (sign)

Guðrún Guðmundsdóttir (sign)

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)

Eygló Kristjánsdóttir (sign)